Mikill áhugi á grásleppuveiðum

Grásleppukarlar eru þessa dagana að undirbúa veiðarnar sem mega hefjast í lok næstu viku. Allt útlit er fyrir ágætisvertíð að þessu sinni.

KJARTAN STEFÁNSSON
kjartan@fiskifrettir.is

Mikill áhugi er meðal grásleppukarla að hefja veiðar í vor þar sem vonast er til að verð á grásleppu og grásleppuhrognum hækki frá því sem var á síðasta ári, að því er Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, sagði í samtali við Fiskifréttir. Grásleppuveiðar mega hefjast 20. mars á flestum svæðum.


Örn Pálsson.

Um 400 bátar hafa leyfi til að veiða grásleppu en misjafnt er hve margir nýta sér leyfið hverju sinni. Árið 2011 stunduðu 369 bátar veiðarnar en í fyrra voru bátarnir ekki nema 223. Örn taldi ekki ólíklegt að bátarnir gætu orðið yfir 300 í ár.

Hugmyndir um lágmarksverð

Verð á tunnu af söltuðum hrognum náði vart 90 þúsund krónur á síðasta ári en Örn taldi að svigrúm væri fyrir verðhækkun á komandi vertíð.

„Það eru engar birgðir til af grásleppuhrognum í landinu. Við verðum varir við aukna eftirspurn sem mun væntanlega leiða til verðhækkunar. MSC-vottun á grásleppuveiðum hefur líka í för með sér meiri kostnað vegna veiða og framleiðslu og það eitt gefur líka tilefni til að verðið hækki. Loks eigum við von á því að verð á búknum sjálfum eigi eftir að hækka," sagði Örn.

Fram kom hjá Erni að verð á hrognatunnuna lægi ekki fyrir en grásleppunefnd LS væri að skoða þessi mál. Hann reiknaði með því að nefndin léti frá sér fara einhverjar hugmyndir um lágmarksverð á óskorinni grásleppu. Verð á hrognum og búk yrði síðan reiknað út frá því.

Margt þarf að hafa í huga við ákvörðun veiðidaga

Í fyrra voru veiðidagar á grásleppu 32 að tölu og er þá verið að tala um samfellt veiðitímabil. Upphafsdagar í ár eru 20 en væntanlega kemur nýtt stofnmat á grásleppu frá Hafrannsóknastofnun um næstu mánaðamót sem byggt verður á vorralli Hafró sem nú stendur yfir. Gert er ráð fyrir að atvinnuvegaráðuneytið fjölgi dögunum í kjölfarið en óvíst er hvað þeir verða margir.

Örn sagði að margt þyrfti að hafa í huga þegar fjöldi daga væri ákveðinn fyrir utan ástand stofnsins. Taka þyrfti tillit til aðstæðna á markaði, fjölda báta og svo framvegis. „Við megum ekki fara offari í veiðunum. Slíkt gæti gert okkur erfitt fyrir varðandi sölu hrogna. En það þarf líka að gæta þess að hafa veiðidagana nógu marga. Á síðustu vertíð fór saman góð veiði, gott veiðiveður og litlar frátafir. Við getum ekki treyst á að alltaf gefi á sjó. Illviðri, eins og í vetur, getur valdið því að vertíðin fari í súginn. Þess vegna mega dagarnir heldur ekki vera of fáir," sagði Örn.

Stefnir á ágætisvertíð

Örn sagði að grásleppan virtist vera snemma á ferðinni að þessu sinni. Meira hefði orðið vart við hana sem meðafla við aðrar veiðar. „Körlunum finnst hún vera fyrr á ferðinni en undanfarin ár. Ég held því að þetta geti orðið ágætisvertíð. Annars er erfitt að reikna þetta út. Tilhneigingin hefur verið sú að færa vertíðina fram en síðasta vertíð skilaði hins vegar þeim sem byrjuðu seint mestri veiði. Það er því ekki á vísan að róa. Þetta er breytilegt frá ári til árs," sagði Örn.

Meðalverð á rauðmaga 137 kr/kg

Rauðmaginn var einnig fyrr á ferðinni en undanfarin ár og hafa menn veitt mun meira af honum en á sama tíma í fyrra. Þegar framboð af rauðmaga jókst á fiskmörkuðum lækkaði verðið. Alls hafa verið seld rúm 15 tonn af rauðmaga á mörkuðum frá áramótum að verðmæti um 2,1 milljón króna, samkvæmt upplýsingum á vef Rannsóknastofu fiskmarkaða. Meðalverðið var um 137 krónur á kíló. Til samanburðar má geta þess að alls voru seld 6,2 tonn á fiskmörkuðum á sama tíma í fyrra fyrir um 1,7 milljón. Meðalverðið þá var 277 krónur á kíló. Meðalverðið hefur því lækkað um helming á milli ára.

» kjartan@fiskifrettir.is


Fagur fiskur í sjó. Rauðmagi hugar að hrognum.
MYND/ERLENDUR BOGASON